



8. stjórnarfundur HSV starfsárið 2017-2018. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, fimmtudaginn 22. júní 2017 kl. 16.30.

Mættir eru Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Karl Ásgeirsson, Ingi Björn Guðnason og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð. Heimir Hansson, Páll Janus Þórðarson og Elísa Stefánsdóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. #metoo umræðan. Rætt um viðbrögð HSV við #metoo byltingunni. Vinna er í gangi hjá bæði UMFÍ og ÍSÍ og verið að móta verkferla og viðbragðsáætlanir við kynferðislegu ofbeldi. ÍSÍ og UMFÍ eiga bæði fulltúra í starfsóp á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem vinna á að útfærslum á aðgerðum til að koma í veg fyrir kynferðislega og kynbundna áreitni, ofbeldi og einelti.
2. Sambandsráðsfundur UMFÍ.
Formaður kynnti niðurstöður sambandsráðsfundar UMFÍ í janúar síðastliðinn. Guðný formaður komst ekki á fundinn vegna ófærðar. Þar var samþykkt ályktun um að halda skyldi vinnu við aðild íþróttabandalaga áfram. Þá var ákveðið að skipa nefnd sem falið verður að skoða ítarlega mögulegar sviðsmyndir á fjárhagsskiptingu með sameiginlegri lottó úthlutun og eins fjölda þingfulltrúa. Guðný Stefanía mun eiga sæti í þeirri nefnd.
3. Styrkur frá 3X Technology ehf. Tilhögun úthlutunar og reglur.
Farið yfir mögulega tilhögun úthlutunar. Framkvæmdstjóra falið að útbúa gögn til að auglýsa styrkinn og vinna umsóknir. Stjórn mun fara yfir umsóknir og ákveða úthlutun.
4. Uppgjör
Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra vegna uppgjors fyrir árið 2016. Stjórn samþykkir að klára uppgjör fyrir árið 2016 samkvæmt þeim punktum sem þar koma fram. Ekki verður gefinn möguleiki á slíkum undanþágum fyrir árið 2017.
5. Afreksbraut MÍ – Guðný Stefanía segir frá fundi sem formaður og framkvæmdastjóri fóru á í MÍ um afreksbraut sem stefnt er að setja á laggirnar næsta vetur.
6. Stundatafla íþróttahúsa sprungin
Nánast allir tímar í íþróttahúsum á Ísafirði og Bolungarvík eru fullnýttir. Einnig eru íþróttafélögin á Ísafirði með æfingar í íþróttahúsunum á Flateyri og Suðureyri. Á helgum eru alltaf leikir eða mót sem setja almenna stundatöflu úr lagi og missa félög oft helgartímana vegna leikja annara liða. Blak- og körfuknattleiksdeild Vestra hafa spilað leiki á Þingeyri en þar er ekki skorklukka sem virkar og er. Stjórn HSV hvetur Ísafjarðarbæ til að koma klukku í gagn við á Þingeyri svo þar verði hægt að spila leiki.
7. Fyrirspurn til 112 – Framkvæmdastjóri segir frá fyrirspurn sem send var til neyðarlínunnar vegna tveggja útkalla til fótbotinna íþróttamanna. Svar hafði ekki borist fyrir fundin.
8. Önnur mál
 - a. Fræðsla framundan: Frá æskulýðsvettvangnum; Verndum þau. Þriðjudaginn 13.03 kl. 18. Æskulýðsvettvangurinn ber kostnað af námskeiðinu.



Stjórnarfundir

- b. Nýtt gólf í íþróttahúsinu. Almenn ánægja með nýtt gólf. Sá galli hefur þó komið fram að badmintonlínur sjást illa.
- c. Skýrsla frá stjórn afrekssjóðs. Guðný kynnir styrkúthlutun afrekssjóðs HSV.
- d. Formaður HSV. Guðný Stefanía tilkynnir að hún ætli ekki að sækjast eftir endurkjöri til formanns á næsta ársþingi.

Fundi slitið 18.15